

Ed.

325. Breytingartillögur

[51. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Fyrir orðin „Prestssetur: Kirkjubær ... hentara þykir“ í a-lið 1. gr. komi: Kirkjustjórnin skal láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal safnaðarmanna í sóknunum um það, hvar prestssetrið skuli vera.
2. Eftir b-lið sömu gr. bætist nýir stafliðir, svo hljóðandi:
 - a. Aftan við VI. 28 (Skálholtsprestakall í Árnassprófastsdæmi) bætist:

Kirkjustjórnin skal láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal safnaðarmanna í sóknunum um, hvort prestssetrið skuli heldur vera Skálholt eða Torfastaðir, og ákveða með hliðsjón af niðurstöðu hennar framtíðarprestsetur prestakallsins.
 - b. Orðin „Hraungerði eða“ í VI. 31 (Hraungerðisprestakall í sama prófastsdæmi) falli niður.
 - c. Í stað „Prestssetur: Hvanneyri“ í IX. 52 (Hvanneyrarprestakall í Borgarfjarðarprófastsdæmi) komi: Prestssetur: Staðarhóll.
 - d. XV. 79 (Ögurþingaprestakall í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi) orðist svo:

Ögurþing: Ögur- og Eyrarsóknir.

Prestssetur skal ákveðið af kirkjustjórninni að undangenginni atkvæðagreiðslu hjá kosningabærum safnaðarmeðlimum um þá staði, er kirkjustjórnin telur koma til greina sem prestssetur.
3. Stafliður c í sömu gr. orðist svo:

Við XVII. 89 (Æsustaðaprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi) bætist:

Kirkjustjórnin skal þegar láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal atkvæðisbærra sóknarmanna prestakallsins um, hvort rétt sé að flytja prestssetrið frá Æsustöðum að Auðkúlu, og ákveða síðan framtíðarprestssetrið með hliðsjón af atkvæðagreiðslunni.